



Uppfærð fjármögnunaráætlun Landsbankans árið 2019

Landsbankinn birtir hér uppfærða áætlun um fjármögnun á markaði fyrir árið 2019 ásamt útboðsdagatali fyrir regluleg útboð á innlendum markaði. Nánari upplýsingar um fjármögnun Landsbankans á markaði má nálgast á heimasíðu Landsbankans, www.landsbankinn.is/fjarfestar/fjarmognun.

SÉRTRYGGÐ SKULDABRÉF

- Áætlað er að gefa út sértryggð skuldabréf fyrir 46-50 ma.kr. á árinu 2019. Upphafleg áætlun um fjármögnun á markaði á árinu 2019 gerði ráð fyrir útgáfu sértryggðra skuldabréfa að fjárhæð 35-40 ma.kr. að nafnverði. Útgáfa á árinu 2019 til þessa er að fjárhæð 37 ma.kr. að nafnverði.
- Fimm flokkar sértryggðra skuldabréfa eru útistandandi, tveir óverðtryggðir og þrír verðtryggðir. Heildarnafnverð flokkanna nemur 125,1 ma.kr.

Flokkur	Tegund	Markflokkur*	Gjalddagi	Nafnverð (m.kr.)
LBANK CB 21	Óverðtryggður	Já	30.11.2021	6.200
LBANK CB 23	Óverðtryggður	Já	23.11.2023	14.300
LBANK CBI 22	Verðtryggður	Nei	28.4.2022	20.500
LBANK CBI 24	Verðtryggður	Já	15.11.2024	39.080
LBANK CBI 28	Verðtryggður	Já	4.10.2028	44.980
				125.060

*Markflokkar eru flokkar sem reglulega eru boðnir til sölu

- Einn flokkur sértryggðra skuldabréfa var á gjalddaga á árinu, LBANK CB 19.
- Áætlunin gerir ráð fyrir að nafnverð útgefinna sértryggðra skuldabréfa nemi 134-138 ma.kr. í árslok 2019.
- Útboð sértryggðra skuldabréfa verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland tveimur viðskiptadögum á undan fyrirhuguðu útboði.
- Stefnt er að því að halda útboð á sértryggðum skuldabréfum að jafnaði einu sinni í mánuði, háð markaðsaðstæðum hverju sinni.
- Stefnt er að því að útboð bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa fari fram að minnsta kosti ársfjórðungslega.
- Arion banki, Íslandsbanki og Kvika sinna viðskiptavakt á eftirmarkaði með sértryggð skuldabréf útgefin af Landsbankanum.
- Viðskiptavakar hafa aðgang að verðbréfalánnum í þeim flokkum sem viðskiptavaktin nær til.

ÚTBOÐSDAGATAL

- Í töflunni má sjá fyrirhuguð útboð sértryggðra skuldabréfa á árinu 2019.

Mánuður	Vika
Janúar	3
Febrúar	7
Mars	11
Apríl	15
Maí	20
Júní	24
Júlí	28
Ágúst	34
September	38
Október	41
Nóvember	46
Desember	50

VÍXLAR

- Ekki er gert ráð fyrir reglulegum víxlaútboðum á árinu 2019 en ákvörðun um útboð ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni.
- Víxlaútboð verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland tveimur viðskiptadögum á undan fyrirhuguðu útboði.
- Tveir víxlaflokkar eru útistandandi og nemur heildarnafnverð þeirra 3.640 m.kr.
- Heildarútgáfa víxla á árinu 2019 er óákveðin og ræðst af markaðsaðstæðum.

ÖNNUR FJÁRMÖGNUN Á MARKAÐI

- Landsbankinn mun leitast við að gefa út víkjandi fjármögnun á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfellt fyrir fjármagnsskipan bankans.
- Aðrir fjármögnunarkostir á markaði verða einnig til skoðunar á árinu 2019 með það að markmiði að breikka fjármögnunargrunn bankans.
- Form, fjárhæðir og tímasetningar slíkra útgáfna eru háðar markaðsaðstæðum hverju sinni.

FYRIRVARI

Landsbankinn áskilur sér rétt til þess að víkja frá fjármögnunaráætlun þessari án fyrirvara eða sérstakrar tilkynningar þar um.